

# Inntökureglur í Leikskólann Sólvelli

## 1. gr.

Í leikskólanum eru börn frá eins árs til sex ára.

## 2. gr.

Leikskóladvöl er úthlutað með hliðsjón af dagsetningu umsóknar þegar leikskólinn er ekki fullsetinn. Eldri börn með umsókn ganga fyrir

## 3. gr.

Börn einstæðra foreldra og börn sem búa við fötlun njóta forgangs í leikskóladvöl við eins árs aldur.

## 4. gr.

Tekið skal tillit til tungumálaerfiðleika hjá börnum, sérstaklega ef um eldri börn er að ræða.

## 5. gr.

Skilyrði fyrir leikskóladvöl er að viðkomandi eigi lögheimili í Grundarfjarðarbæ. Foreldrar sem hyggjast flytja til Grundarfjarðar geta sótt um leikskóladvöl fyrir barn sitt. Barnið getur ekki byrjað á leikskólanum fyrr en lögheimili hefur verið flutt.

Möguleiki er á því að veita undanþágu frá þessu skilyrði ef fyrir hendi eru laus pláss í leikskólanum og að lögheimilissveitarfélag greiði hlut sveitarfélagsins í kostnaði samkvæmt viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga. Yfirlýsing frá lögheimilissveitarfélagi þarf að liggja fyrir áður en inntaka barns er samþykkt.

Bæjarstjórn getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

## 6. gr.

Allir nýbúanemendur frá löndum utan EES, þurfa að fara í læknisskoðun og vera komnir með dvalarleyfisskírteini áður en þeir hefja leikskólagöngu.

## 7. gr.

Leikskólastjóri veitir umsóknum móttöku og úthlutar leikskólavist. Æskilegt er að foreldrar barna sem eru að nálgast leikskólaaldur sækji um sem fyrst á vef sveitarfélagsins, grundarfjordur.is.

Samþykkt í bæjarstjórn Grundarfjarðar 29. apríl 2014.

Björn Steinar Pálmason, bæjarstjóri